og verður hún þá ekki svo lítil. Þó held eg „Gyðíngurinn gángandi" eigi eins vel heima í legendis. Útilegumanna-sögum finnst mèr öldúngis rètt markaður bás í Þjóðsögunum Yðar, aptan í „Historische Sagen", þótt eg líka geti fellt mig vel við að hafa þær í flokki sèr, eins og Þèr nú hafið bent mèr til; einúngis vil eg athuga það, að ef þær yrði sèr í flokki, verða í honum eing-ar undirdeilingar (subdivisiones); því þær sögur eru allar hver annari líkar í sjálfu sèr; sama verður og um Mährchen (æfintýrin), að þau verða skiptíngalaus. „Afreksmenn" heyra sjálfsagt undir „Historische Sagen", og sömuleiðis „örnefna-sögur"; þær svara báðir til 2. og 3. gr. í VI. flokki hjá Yður. Undur og fyrirbur-heyra, ef til vill, bezt undir Natursagen. — Eg skal geta þess, að það, sem eg tók við af síra Magnúsi sál. í lifanda lífi, var með þessum yfirskriptum, þegar eg tók við því; eg hafði sjálfur feingið ekki fáar líkar sögur, sem eg lèt, þegar yfirlitið var búið til, sem eg sendi Yður, í þá kafla, sem síra Magnús hafði skipað sínu safni í, áður en honum auðnaðist að sjá Ísl. Þjóðsögurnar Yðar. Af þessu hafa myndast aðrar yfirskriptir hjá okkur síra Magnúsi, en hjá Yður eru. Þessar yfirskriptir okkar hefi eg látið halda sèr, þángað til eg jafnóðum hefi getað geingið frá hverjum kafla fyrir sig, og fellt þær þá úr, þar sem þær hafa ekki verið nokkurnveginn samkvæmar Yðar yfirskriptum, eins og Þèr munuð þegar hafa tekið eptir á ýmsum stöðum. — Þar sem Þèr getið þess, að Þèr saknið ýmsra nafna í sæbúa í handritinu mínu, frá því sem sè í yfirlitinu, er eg sendi fyrst, er þess að geta, að þær sögur munu koma síðar í Náttúrusögunum, að minnsta kosti hefi eg ímyndað mèr það svo, og í því skyni hefi eg slept þar (í Sæbúum g vatna) að minnast á Selamóður og Skötumóður og hvali ýmsa, af því eg áleit þeim hæfastan stað í fiskafræðinni á eptir. Með þessu móti held eg Náttúrusögu-flokkurinn verði ekki svo lítill, einkum um hefi eg þó von um fuglafræðina. Eg hefi heilar bækur með steinafræði á; en eg er hræddur um, að það sè allt útlagt úr útlendum bókum, og hafi aldrei orðið þjóðlegt hèr, heldur eigu einstakra sèrvitrínga og þeirra samsetníngur, t. d. Jóns Guðmundssonar lærða og slíkra kalla; en af þjóðlegum sögnum um steina hefi eg ekki orðið var við öllu fleiri, en þær sem Þèr hafið tekið. Eg álít því, að mjög sè varlega farandi í steinafræðinni. Annars finnst mèr blærinn á náttúrsögunum vera allur kreddublandinn frá upphafi til enda, og væri næst skapi mínu að álíta, að þeim væri rèttast skipað til sætis nærri kreddum, og þar af leiðir það, að eg að líkindum lýk seinast